

Reykjavík, 12. febrúar 2024

Nefndasvið Alþingis
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Efni: Umsögn Samorku um frumvarp til laga um Umhverfis- og orkustofnun, þingskjal 817 – 585. mál

Almennt

Samorka fagnar áformum um að styrkja stjórnslu á sviði loftslags-, umhverfis- og orkumála með það að markmiði að stuðla að skilvirkari og einfaldari stjórnslu, betri nýtingu fjármagns og hagkvæmni í rekstri.

Samorka hefur í fyrri umsögnum um þetta mál, meðal annars lagt áherslu á að með tilkomu nýrrar stofnunar verði nýtt þau tækifæri sem felast í einfaldari og skilvirkari stjórnslu með færri snertflötum og þróun stafrænna lausna. Hlutverk nýrrar stofnunar í að styðja við markmið stjórnvalda um orkuskipti er skýrt í frumvarpinu. Ljóst er að grípa þarf til róttækra aðgerða eigi þau markmið stjórnvalda að nást að einhverju leyti. Ný Umhverfis- og orkustofnun þarf í ráðgjöf sinni og stuðningi við markmið stjórnvalda að koma með raunhæfar útfærslur á því hvernig hægt verður að ná þessum markmiðum.

Í fyrri umsögnum hefur Samorka í því sambandi lagt áherslu á að horft verði til þróunar í Evrópu við leyfisveitingar og umgjörð orkuvinnslu með endurnýjanlegum orkugjöfum. Gefa þarf í og einfalda til muna það umsagnar- og leyfisveitingarferli sem nú er til staðar.

Um framangreint vísast að öðru leyti til umsagnar Samorku um þetta mál á fyrra stigi, sjá [hér](#).

Sjálfstæði Raforkueftirlitsins

Í 1., 2. og 5. gr. frumvarpsins eru tekin upp orðrétt lagaákvæði úr frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum (Raforkueftirlitið) um Raforkueftirlitið, en það frumvarp er nú í meðförum atvinnuveganefndar (sjá 29. mál, þskj. 29, 154. löggjafarþing).

Í umsögn þessari eru því reifuð sömu sjónarmið og koma fram í umsögn Samorku um 29. mál.

Í 5. gr. er fjallað um hlutverk Raforkueftirlitsins. Það er til mikilla bóta að hér standi ekki lengur að Raforkueftirlitið sinni „öðrum verkefnum sem forstjóri felur því“. Gerð er ágæt grein fyrir því í greinargerð hvers vegna það er talið mikilvægt að hafa svigrúm til að fela Raforkueftirlitinu önnur verkefni en að sinna raforkueftirliti samkvæmt raforkulögum, en hér þarf að fara varlega.

Þannig þarf sjálfstæði Raforkueftirlitsins að vera hafið yfir vafa og ekki hægt að fela því verkefni sem haft geta áhrif á vinnu þess í lögbundnum verkefnum. Þá er með hliðsjón af fjárreiðum Raforkueftirlitsins mjög mikilvægt að ekki sé hægt að fela því önnur verkefni, en raforkueftirlit skv. raforkulögum, nema því fylgi fjármagn.

Í þessu samhengi verður að víkja sérstaklega að umfjöllun í athugasemdum við 5. gr. í greinargerð með frumvarpinu en þar segir að undir c-lið 1. mgr. falli t.d. verkefni tengd „...upprunaábyrgðum raforku, sbr. lög um upprunaábyrgð raforku sem framleidd er með endurnýjanlegum orkugjöfum o.fl., nr. 30/2008, en stjórnábyrgðum þeim tengdum er sinnt af Raforkueftirlitinu.“

Verði frumvarp á þskj. 29 (um breytingu á lögum um Orkustofnun og raforkulögum (Raforkueftirlitið)) að lögum er ljóst að verkefni eins þetta er ekki hluti af störfum Raforkueftirlitsins heldur er hér um að ræða verkefni Umhverfis- og orkustofnunar. Þannig er í lögum um upprunaábyrgð á raforku hvergi kveðið á um aðkomu Raforkueftirlitsins að þeim málum, heldur einungis Orkustofnunar. Þá er í reglugerð um birtingu upplýsinga sem eru tengdar upprunaábyrgðum raforku nr. 757/2012 kveðið á um að reglugerðin sé sett með stoð í 2. mgr. 5. gr. raforkulaga. 5. gr. raforkulaga er í II. kafla laganna en það er sá hluti laganna sem mun heyra áfram undir eftirlit Orkustofnunar en ekki Raforkueftirlitsins, verði frumvarpið á þskj. 29 að lögum.

Eigi Raforkueftirlitið að sinna verkefnum eins og þessu, þarf að vera skýrt að það hafi ekki áhrif á önnur störf þess og einnig þarf að liggja fyrir hvernig er greitt fyrir slíka vinnu. Þannig getur gjaldtaka samkvæmt 31. gr. raforkulaga eðli máls samkvæmt ekki staðið undir öðrum verkefnum en þeim sem kveðið er á um í a. og að einhverju leyti b. lið 5. gr. frumvarpsins.

Í 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins segir að Raforkueftirlitið skuli vera sjálfstæð eining innan Orkustofnunar sem er rekin fjárhagslega aðgreind frá annarri starfsemi stofnunarinnar. Samorka vísar til fyrri athugasemda um þetta atriði en hér mikilvægt að tryggja að raforkueftirlitsgjöld skv. 31. gr. raforkulaga renni óskipt til Raforkueftirlitsins og séu eyrnamerkt með þeim hætti í fjárreiðum ríkisins. Sjá umfjöllun í fyrri umsögnum Samorku, sjá [umsögn Samorku um frumvarp til laga um Loftslagsstofnun, mál í Samráðsgátt nr. 168/2003](#) og [umsögn Samorku um áformaskjal um sameiningu stofnana umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, mál nr. 103/2023](#).

Þá er að lokum bent á að gildistökuákvæði í þessum tveimur frumvörpum, þ.e. á þskj. 29 og því sem hér liggur fyrir kunna að verða til vandkvæða.

Í þingskjali 29 er gert ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi en 3. gr. þess frumvarps öðlist gildi 1. janúar 2026. Sú grein er í lögum um Orkustofnun nr. 87/2003 og fjallar um að ráðherra skipi skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins til fimm ára og er það ákvæði nokkurn veginn samhljóða 3. mgr. 3. gr. þess frumvarps sem hér liggur fyrir.

Í gildistökuákvæði þessa frumvarps er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. janúar 2025 og falla þá úr gildi lög um Orkustofnun og þá væntanlega um leið breytt ákvæði þeirra laga sem m.a. kveður á um að ákvæðið um skipun skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins taki ekki gildi fyrr en 1. janúar 2026.

Mælt er til þess að greitt verði úr þeirri óvissu sem þetta skapar um gildistöku ákvæðis um skipun skrifstofustjóra Raforkueftirlitsins við þinglega meðferð þessara mála.

Samorka þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um málið og lýsir yfir vilja til að koma að frekari undirbúningi þessa mikilvæga máls, þar á meðal að mæta á fund umhverfis- og samgöngunefndar og reifa betur þau sjónarmið sem hér eru sett fram.

Virðingarfyllst, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur